# MINNISBLAÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dagsetning:** | 16.11.24 | **Merking:** | Grímsnes- og Grafningshreppur |
| **Efnisatriði** | Vátryggingaútboð Grímsnes- og Grafningshrepps 2025-2027 | | |
| **Höfundur:** | Guðmundur M. Ásgrímsson | | |

## Markmið verkefnis:
Útboð á vátryggingum Grímsnes- og Grafningshrepps og tengdra aðila.

## Útboðið:
Útboðsgögn samanstóðu af útboðslýsingu, tilboðsskjali og svörum við fyrirspurnum.
Útboðið var auglýst á útboðsvef og heimasíðu sveitarfélagsins.
Sjóvá, TM, VÍS og Vörður óskuðu eftir tilboðsgögnunum og öll skiluðu inn tilboðum.

**Mat á verðtilboðum samkvæmt kafla 6.3:**
Sveitarfélagið áskilur sér allan rétt til að taka því boði sem er hagkvæmast að mati sveitarfélagsins hvað varðar verð og/eða aðra skilmála/valkosti útboðsins.

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á fjárhagslega hagkvæmasta tilboði:
Tilboðsupphæð er fundin út sem summa margfeldis magntalna og viðeigandi einingaverða. Ef margföldunar og/eða samlagningarskekkjur finnast í útfylltu tilboðsskjali, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölu tilboðs. Aðeins einingaverð eru bindandi.
Hæsta skor, 100 stig, fæst ef tilboð er með hæsta skor í öllum liðum hér að neðan

**Verð (97,5 stig)**
Mat á verði byggir á eftirfarandi:
Lægsta verð samkvæmt gildu tilboði (upplesna heildartilboðsupphæð samkv. gr. 3.9), fær hæsta 97,5 stig. Eftir það ræður eftirfarandi reiknilíkan: Stig = (Lægsta verð / boðið verð) x 97,5

**Forvarnarþjónusta (2,5 stig)**
Ef seljandi býður uppá forvarnarþjónustu samkvæmt kafla 5.11 þá gefur það 2,5 stig.

| | Tilboð | Stig | Forvarnir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Sjóvá** | 5,158,631 | 85.75 | 2.5 | **88.25** |
| **TM** | 5,344,479 | 82.77 | 2.5 | **85.27** |
| **VÍS** | 4,536,966 | 97.50 | 2.5 | **100.00** |
| **Vörður** | 4,746,881 | 93.19 | 2.5 | **95.69** |

## Samantekt:

Lægsta tilboð VÍS uppfyllir öll skilyrði útboðsins og er með flest stig.

**Reykjavík 16.11.2024**

Guðmundur Ásgrímsson